




Reykjavík, 21. júlí 2026  
USK26060135

## Heiðnaberg 8-10 – Fyrirspurn til skipulagsfulltrúa

Lögð fram fyrirspurn Önnu Eyberg Hauksdóttur, dags. 8. júní 2026, ásamt greinargerð, ódags. um stækkun lóðarinnar nr. 8-10 við Heiðnaberg um blett aftan við húsið sem tilheyrir lóð nr. 2-6 við Heiðnaberg.



Aðalskipulag Reykjavíkur 2040



Deiliskipulag/ HverfisSKIPULAG.



Löftmynd

### Skipulag í gildi

Aðalskipulag: Í gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2040, samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur þann 19. október 2021 og birt í B-deild stjórnartíðinda þann 18. janúar 2022. Skv. aðalskipulaginu tilheyrir Heiðnaberg 8-10 borgarhluta 6 og er á skilgreindu íbúðarsvæði.

Deiliskipulag/ HverfisSKIPULAG: Í gildi er hverfisSKIPULAG auglýst í B-deild 04.05.2022 með síðari breytingum. Heiðnaberg 8-10 er í skilmálaeiningu 6.3.11 í hverfisSKIPULAGI.

### Umsögn:

Óskað er eftir afstöðu skipulagsfulltrúa varðandi uppskiptingu lóða við Heiðnaberg 2-10. Í dag eru Heiðnaberg 2-6 á sameiginlegri lóð og Heiðnaberg 8-10 á sameiginlegri lóð. Lóð Heiðnabergs 2-6 teygir sig á baklóð Heiðnabergs 8-10 sem snýr að Suðurnámum. Það er samkomulag lóðarhafa Heiðnabergs 2-6 að lóðarhafar Heiðnabergs 8-10 fái afnot af þessum skika.

Til að skikinn verði rétt skrásettur sem partur af fasteign Heiðnabergs 8-10 þyrfti að fara í óverulega breytingu á hverfisSKIPULAGI til að afmarka lóðir rétt. Rétt afmarkaðar lóðir í deiliskipulagi / hverfisSKIPULAGI þurfa að liggja fyrir svo að hægt verði að útbúa nýtt mæliblað fyrir lóðirnar. Nýtt mæliblað þarf að fylgja nýrri eignaskiptayfirlýsingu þar sem fram kemur hver á hvaða hlut í ný afmarkaðri lóð.

### Niðurstaða

- Ekki er gerð athugasemd við að farið verði í óverulega breytingu á hverfisSKIPULAGI fyrir lóðabreytingar.



Reykjavík



*Vakin er athygli á að fyrirspurn um afstöðu skipulagsfulltrúa til erindis byggir á innsendum gögnum og verður ekki lögð að jöfnu við formlega umsókn og svar í slíku tilfelli getur eðli máls samkvæmt ekki talist stjórnvaldsákvörðun. Afgreiðsla skipulagsfulltrúa á fyrirspurnum felur því ekki í sér lokaákvörðun og veitir ekki heimild til framkvæmda.*

**f.h. skipulagsfulltrúa Reykjavíkur**

Britta Magdalena Ágústsdóttir  
verkefnastjóri



**Reykjavík**